



## Leiðbeiningar fyrir velferðarþjónustu sveitarfélaga Gilda frá 25. maí 2020

Stjórnendur í velferðarþjónustu eru beðnir um að upplýsa notendur um stöðu faraldursins og sóttvarnarráðstafanir í starfseminni sem gilda á hverjum tíma, á því formi sem hentar hverjum og einum notanda.

Þessar leiðbeiningar gilda fyrir:

- Vinnu- og virknimiðaða stoðþjónustu fyrir fatlað fólk (verndaða vinnu og hæfingu)
- Skammtímadvalir fyrir fötluð börn og ungmenni
- Félagsmiðstöðvar fyrir fullorðna – félagsstarf eldri borgara
- Frístundastarf fatlaðra ungmenna á aldrinum 16-20 ára
- Sambýli og íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

Í ljósi þess hve vel hefur gengið að hemja COVID-19 faraldurinn á Íslandi er stefnt að enn frekari tilslökunum frá samkomubanni og öðrum sóttvarnarráðstöfunum þann 25. maí nk. Aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum og er mikilvægt að fylgjast með ákvörðun ráðuneytis um hámarksfjölda einstaklinga í sama rými á hverjum tíma til að fylgja fjöldatakmörkunum. Þær eru kynntar með auglýsingu heilbrigðisráðuneytisins.

Markmiðið er áfram að verja þá sem eru í áhættuhópum gegn smiti en jafnframt að koma í veg fyrir útbreiðslu smits meðal notenda velferðarþjónustu og starfsmanna. Áfram er því mikilvægt að huga að góðum sóttvörnum og skipulagi í þjónustunni með það í huga að sem fæstir verði útsettir fyrir smiti og þurfi að fara í sóttkví eða einangrun komi upp smit meðal notenda velferðarþjónustu eða starfsmanna.

**Ef aðstæður breytast þá getur þurft að grípa til meiri sóttvarnarráðstafana og harðari aðgerða til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu smits.**

### Ef grunur vaknar um smit

- Gott að kynna sér [leiðbeiningar til framlínustarfsmanna](#) þar sem finna má leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við komi upp grunur um smit, hvað felst í grundvallar smitgát og hvernig hreinsa á svæði þar sem veikur hefur dvalið og búnað sem ekki er einnota.
- Ef grunur vaknar um smit á sambýli eða íbúðakjarna þarf að fara eftir [þessum leiðbeiningum](#).
- Ef grunur vaknar um smit hjá starfsmanni í velferðarþjónustu þarf að fylgja [þessum leiðbeiningum](#)
- [Sérstakar leiðbeiningar](#) eru fyrir fatlað fólk með NPA, aðra notendasamninga og aðstoðarfólk þeirra.

### Einstaklingar með áhættuþætti fyrir alvarlegri COVID-19 sýkingu

Fyrir einstaklinga með áhættuþætti fyrir alvarlegri COVID-19 sýkingu gilda [sérstakar leiðbeiningar sem finna má hér](#).

Mikilvægt er að meta með heimilislækni eða sérfræðilækni hvort áhættuþættir fyrir alvarlegri sýkingu eru til staðar.

## Fjöldaviðmið í hverju rými

Frá og með 25. maí miðast hámarksfjöldi í rými við almennar fjöldatakmarkanir á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu heilbrigðisráðuneytis. Gert er ráð fyrir að frá og með 25. maí 2020 verði fjöldatakmarkanir í hverju rými færðar úr 50 manns í **allt að 200 manns**.

Taka þarf mið af stærð og aðstæðum á hverjum stað og fjölda einstaklinga í þjónustunni með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu af völdum COVID-19.

**Hægt er að miða við hámarksfjölda við 50 manns í rými fram til 15. júní ef þörf er á.**

Þetta gildir fyrir:

- Vinnustaði og hæfingu fyrir fatlað fólk
- Félagsmiðstöðvar fyrir fullorðna – félagsstarf eldri borgara
- Frístundastarf fatlaðra ungmenna

Hvatt er til þess að fá skoðun heilbrigðiseftirlits viðkomandi svæðis til þess að leggja mat á mögulegan fjölda út frá stærð rýmis og aðstæðum með tilliti til sóttvarna.

## Sóttvarnarhópar

Frá 25. maí má fella niður þá almennu reglu að starfsmenn vinni sem mest með sama sóttvarnarhópi en bent á að það er góð sóttvarnarráðstöfun til framtíðar til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu smits, komi það upp, meðal notenda þjónustunnar og starfsmanna. Þetta gildir fyrir alla velferðarþjónustu.

## Smitgát

Áfram skal gætt að almennum grundvallarreglum varðandi handþvott og sóttvarnir í allri velferðarþjónustu. Sótthreinsa þarf vel á milli hópa og helstu snertifleti á degi hverjum og oftar ef þörf krefur.

Meta þarf undirliggjandi áhættuþætti hjá þeim sem njóta þjónustunnar og meta með einstaklingsmiðuðum hætti hvort og þá hvernig hægt er að veita þjónustuna og takmarka um leið líkur á smiti, [sjá leiðbeiningar fyrir áhættuhópa](#).

Þar sem hádegisverður er í boði er hægt að bjóða upp á hádegisverð, enda sé gætt að 2 metra nándarmörkum við skipulag borðhalds eins og kostur er.

Mikilvægt er að leggja áherslu á:

- Að í allri starfsemi sé tryggt að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki deila heimili.
- Aðgangur að sóttthreinsandi vökva fyrir hendur sé hafður eins víða og talin er þörf á.
- Hreinsa/sóttthreinsa alla snertifleti eins oft og unnt er.
- Þrifa áhöld sem margir nota milli hópa sem og í lok dags.
- Ef starfsfólk notar vinnubíla er bent á leiðbeiningar fyrir atvinnubílstjóra sjá [hér](#).

## Önnur þjónusta og viðburðir í húsnæði

Hægt er að halda viðburði í sal, s.s. tónleikar, frá og með 25. maí en bjóða þarf þeim sem þess óska að geta viðhaft 2 metra nándarmörk. Getur þurft að skipuleggja viðburðinn með hliðsjón af því. Gert er ráð fyrir að frá og með 25. maí 2020 verði fjöldatakmarkanir í hverju rými færðar úr 50 manns í **allt að 200 manns** eða skv. auglýsingu heilbrigðisráðuneytis hverju sinni.

Hægt er að opna fyrir þjónustu sem er opin fyrir gesti og gangandi frá og með 25. maí, s.s. þjálfun og snyrting í félagsmiðstöðvum fyrir fullorðna.

Deili félagsstarf húsnæði með hjúkrunarrými er hægt að opna frá og með 2. júní svo fremi sem aðstæður heimilis og ytri aðstæður leyfi. Deili íbúðir fyrir eldri borgara húsnæði með hjúkrunarrými er hægt að opna á milli þann 2. júní.

## Ekki má nýta þjónustu utan heimilis ef viðkomandi:

- Er í sóttkví.
- Er í einangrun (einnig meðan beðið er niðurstöðu sýnatöku).
- Hefur verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
- Er með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverki, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).

## Frekari upplýsingar

- [www.covid.is](http://www.covid.is)
- [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)
- [www.samband.is](http://www.samband.is)
- [www.ahs.is](http://www.ahs.is)

**covid.is**

## Samfélagssáttmáli

- í okkar höndum

Tryggjum góðan árangur áfram og gerum samfélagssáttmála. Sáttmála sem gildir í vor og sumar og við munum öll virða.

- ▶ Þvóm okkur um hendur
- ▶ Sprittum hendur
- ▶ Munum 2 metra fjarlægð
- ▶ Sóttreinsum sameiginlega snertifleti
- ▶ Verndum viðkvæma hópa
- ▶ Hringjum í heilsugæsluna ef við fáum einkenni
- ▶ Tökum áfram sýni
- ▶ Virðum sóttkví
- ▶ Virðum einangrun
- ▶ Veitum áfram góða þjónustu
- ▶ Miðlum traustum upplýsingum
- ▶ Verum skilningsrík, tillitssöm, kurteis og styðjum hvert annað

Við erum öll almannavarnir - og verðum það áfram

  **Embætti landlæknis**  
Directorate of Health